

Gjaldskrá lögfræðinnheimtu

1. gr.

Innheimtubóknun er reiknuð af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Verði gjaldfallinni kröfu komið í skil innan 15 daga frá dagsetningu innheimtubrúfs lækkar innheimtubóknun um 50%. Verði skuldabréfi komið í skil reiknast innheimtubóknun einungis af vanskilum.

2. gr.

a) Almennar innheimtur:

Grunngjald innheimtubóknunar er kr. 5.200 auk vsk. en við bætast

25% af fyrstu kr. 37.000

10% af næstu kr. 245.000

5% af næstu 2.450.000

3% af næstu kr. 5.000.000

2% af því sem umfram er.

b) Veðkröfur með beinni nauðungarsöluheimild:

Reiknuð er innheimtubóknun skv. a)

c) Uppfletting á vanskilaskrá á hvern aðila kröfu kr. 1.000

d) Veðbókarvottorð á hvern eignarluta kr. 1.500*

e) Eignakönnun vegna fjárnáms kr. 2.000

I. Mót

3. gr.

a) Lítið mót:

Áfallinn kostnaður við vegna þingfestingar, fjárnáms fyrirtöku og fyrirtöku nauðungarsölubeiðni er kr. 5.200.-auk vsk. en auk þess bókast kr. 3000.- útlagður kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu við mætinu.

b) Stórt mót:

Áfallinn kostnaður vegna fullnustu aðfarargerðar, nauðungarsölu, lögbanns- og löggeymslugerðir, innsetningar- og útburðargerðir er kr. 15.000.- auk vsk. en auk þess bókast kr. 2.500 í bifreiðakostnað. Útlagður bifreiðakostnaður getur þó aukist ef farið er út fyrir höfuðborgarsvæðið. Mætingakostnaður er skv. reikningi ef mæting er aðkeypt.

II. Beiðnir ofl.

4. gr.

Þóknun fyrir beiðnir s.s. um aðför, nauðungarsölu, gjaldþrotaskipti, vörslusviptingar svo og kröfulýsingar er kr. 5.200.- auk vsk.

III. Málflutningsþóknun.

5. gr.

Ákvörðun þóknunar samkvæmt þessari grein á við um málflutning fyrir dómi eða stjórnvaldi, eftir því sem við á.

Málflutningsþóknun er reiknuð af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Lögmanni er heimilt að leggja fram sundurliðaðan málflutningsreikning við dómtöku máls.

Í málum sem eru munnlega flutt eða gagnaöflun fer fram í eftir þingfestingu er grunnþóknun kr. 45.000.- að viðbættum 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 2.450.000.- , 7% af næstu kr. 5.000.000.- og 4% af því sem umfram er.